

NÁMSLÝSING

LEIKSKÓLASTARF

Námskrá: Smiðja 2 – 1



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

NAFN NÁMSLÝSINGAR

Leikskólasmíðja – í samræmi við námskrá Smíðja 2 – 1 (23-556-2-160)

VINNUSTUNDIR NEMA

160 klukkustundir

HVERJUM ÆTLAÐ

Fullorðnu fólki á vinnumarkaði 18 ára eða eldra með stutta skólagöngu að baki

FJÖLDI EININGA

8 framhaldsskólaeiningar

ÚTGEFANDI

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

1. útgáfa 2024

Gert af: Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

- Staðfest af FA samkvæmt reglum v-hæfniviðmiða

Efnisyfirlit

NOTKUN HUGTAKA Í NÁMSLÝSINGUM FA	2
NÁMSLÝSING	2
INNTÖKUSKILYRÐI	3
HÆFNIVIÐMIÐ NÁMSKRÁR SMÍÐJA 2-1	3
UMFANG OG INNIHALD	3
SKIPULAG	3
HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR UM FRAMKVÆMD	4
ALMENNAR UPPLÝSINGAR TIL FRÆÐSLUAÐILA/LEIÐBEINENDA.....	4
NÁMSÞÆTTIR.....	5
YFIRLITSTAFLA	5
VERKEFNI Í SMÍÐJU 2-1.1 F-SMÍÐ 1 VA (25).....	6
NÁMSMAT	6
VERKLAG OG VINNUBRÖGÐ 2-1.2 F-SMÍÐ 1 VE (1)	7
NÁMSMAT	7
ÞJÁLFUN OG SJÁLFSTÆÐ VINNA 2-1.3 F-SMÍÐ 2 ÞS (1)	8
NÁMSMAT	8

Notkun hugtaka í námslýsingum FA

Vísast til vefsíðu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins <https://frae.is/namskra/hugtakalisti/>

Námslýsing

Námslýsingin er gerð út frá námskrá FA Smiðja 2 – 1, (23-556-2-160), í námskrárgrunni Menntamálastofnunar og á vef FA.

Námskráin Leikskólasmiðja lýsir námi á 2. þrepi hæfniramma um íslenskt menntakerfi, skipt í þrjú námsþætti sem eru verkefni í smiðju, verklag og vinnubrögð auk þjálfunar og sjálfstæð vinnu. Megintilgangur með námi í smiðju er að námsfólk kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkunnáttu, sköpunarkraft, samhæfingu og fjölbreytt tjáningarform. Námið er ætlað þeim sem vilja kynnast störfum og hugmyndafræði í starfsemi leikskóla. Megin áhersla Leikskólasmiðju er að nemandur fái innsýn í helstu verkferla sem snúa að starfi í leikskólum. Þau taka virkan þátt í fjölbreyttum vinnustofum sem leggja áherslu á virkni og skal sú reynsla nýtast við að bæta við sig frekari þekkingu, leikni og hæfni. Áhersla er á almenna starfshæfni námsfólks eins og hún hefur verið skilgreind hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA).

Markmið Leikskólasmiðju er að námsfólk öðlist skilning og getu til að vinna að einföldum verkum í störfum tengdum vinnu með börnum á leikskólastigi. Þau geta þá nýtt kunnáttuna til að vinna að eigin verkum eða verkum annarra undir leiðsögn. Áhersla er á að nemandur tileinki sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð auk þess að efla samvinnu- og samskiptafærni sína. Jafnframt að þau afli sér þekkingar, leikni og hæfni með námi í gegnum vinnu sína.

Námið er 160 klukkustundir að lengd, sjá nánar í yfirlitstöflu á síðu 5, þrjú námsþættir og 8 einingar á framhaldsskólastigi.

Við námslok er möguleiki á að óska eftir mati á náminu í framhaldsskóla. Slíkt mat getur verið breytilegt eftir námsbrautum og skólum en skólastjórnendur hvers skóla eru ábyrgir fyrir mati skólans á námi frá öðrum fræðslustofnunum.

Eftirfarandi námslýsing er ætluð nemum, leiðbeinendum og fólki sem vilja bjóða nám af þessu tagi.

Námslýsingin er einnig ætluð fólki sem vill leggja mat á námið fyrir starf, nám eða annað sem þetta nám kann að hafa þýðingu fyrir.

Inntökuskilyrði

Nemendur þurfa að hafa færni í íslensku sem samsvarar A1 samkvæmt evrópska tungumálarammanum. Umsækjandi þarf að leggja fram sakavottorð.

Hæfniviðmið námskrár Smiðja 2-1

Að loknu námi skal nemi búa yfir færni samkvæmt eftirfarandi hæfniviðmiðum. Nánar er vísað til hæfniviðmiða fyrir einstaka námsþætti.

Þekking:

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helsta fagmáli í tengslum við verkefni smiðjunnar
- reglum, verkferlum og vinnubrögðum sem tilheyra starfinu
- eiginleikum og nýtingu efna við vinnslu verks í smiðju
- verkáætlun, verklýsingu og tengdum gögnum
- undirbúningi verks s.s. með einföldum skýringamyndum eða öðru
- virkni algengra áhalda og tækja sem henta starfinu
- mikilvægi góðs sjálfstrausts í samskiptum.

Leikni:

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- fylgja reglum, verkferlum og öðrum ákvörðunum á vinnustað
- vinna sjálfstætt og með öðrum að lausn verkefna
- nota mismunandi aðferðir sem hæfa verkefninu
- lesa og rissa einfaldar teikningar / skýringamyndir
- nota viðeigandi efni, meðhöndla þau m.a. til að ná fram ólíkum áhrifum
- beita viðeigandi fagþekkingu og þekkja fagmálið
- nota algeng áhöld og tæki.

Hæfni:

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- sýna fram á góðan undirbúning og öguð vinnubrögð
- leysa viðfangsefni / verkefni sem tilheyra starfinu
- fylgja fyrir fram ákveðnum reglum og verkferlum á vinnustað
- sýna jákvætt viðhorf til starfsins og axla ábyrgð á því
- vinna verkefni sjálfstætt og í samstarfi við aðra
- þróa hugmyndir og hagnýta tækni
- fjalla um / ræða vinnuna út frá eigin túlkun.

Umfang og innihald

Námið er alls 160 klukkustundir og skiptist í 3 námsþætti.

Skipulag

Viðurkenndur fræðsluaðili ber ábyrgð á framkvæmd námsins og skipar verkefnastjóra sem hefur umsjón með náminu og framkvæmd þess. Verkefnastjóri sér einnig til þess að námsþættir séu samþættir og tryggir rökréttta samfellu þeirra. Hann ber ábyrgð á því að aðstaða henti verklegri þjálfun og er tengiliður við lykilstarfsfólk á vinnustað. Lögð er áhersla á að leiðbeinendur noti fjölbreyttar kennsluaðferðir sem henta fullorðnum námsmönnum.

Mikilvægt er að leiðbeinendur séu fagfólk sem starfar öllu jöfnu við fagið sjálft og að námið fari að stórum hluta fram í aðstöðu sem alla jafna hentar starfsemi sinni svo að nemi kynnist umhverfi sem er dæmigert.

Námið er verklegt og skiptist í þrjá hluta auk verkefnavinnu. Stígandi er í sjálfstæði og ábyrgð á meðan námið

stendur yfir en markmiðið er að byggja upp, styrkja og efla einstaklinginn til að öðlast þá færni sem starf í leikskóla krefst, að gefa nemum verkfæri sem nýtast í starfi með börnum og styðja við þá hæfni sem nemar þurfa til að þróast í námi og væntanlegu starfi. Nemar fá innsýn í helstu verkferla sem snúa að starfinu, taka virkan þátt í náminu sem er bæði bóklegt og verklegt. Þá öðlast nemar aukna þekkingu á íslensku starfsumhverfi og mun sú reynsla nýtast fólki til að bæta við sig enn frekari þekkingu, leikni og hæfni sem krafist er í starfi með börnum.

Áhersla er á leikskólastarfið í heild sinni, réttindi og skyldur en um leið að nemar nái upp öryggi í starfi. Mikil hugmyndavinna fer fram, m.a. við að koma með nýngar í starfið út frá fyrri reynslu nemanna. Þriðji námsþátturinn snýst um vettvangsnám á viðeigandi vinnustað, þar sem nemar kynnast starfinu nánar og er jafnframt undirbúningur fyrir starf í leikskóla. Með því að taka þátt í starfinu læra nemar um leið hvernig íslenskir leikskólar starfa. Að vettvangsnámi loknu koma nemar til baka og deila reynslu sinni af starfinu, tengja við aðra/fyrri námsþætti. Á seinustu vikum náms fer mikil sjálfstæð hugmyndavinna fram eftir vettvangsnámið, m.a. við gerð hagnýts lokaverkefnis sem gjarnan getur orðið eitt af verkfærum í starfi.

Hagnýtar upplýsingar um framkvæmd

Í upphafi eru viðfangsefni og skipulag námsins kynnt. Farið er yfir verklag og vinnubrögð, hvaða námsgögn er stuðst við og hvernig námsmati er háttað. Einnig er farið yfir verkefnaskil ef við á og að nemar fái kynningu á tækjum og tólum sem ætlast sé til að þeir noti á meðan á námi stendur. Nemar fara í vettvangsnám og vinna síðan úr því með því að setja saman kynningar og kynna fyrir samnemum sínum.

Mikilvægt er að leiðbeinandi fari yfir þær kröfur sem gerðar eru til nema um viðveru þeirra á meðan námið stendur yfir og að þeim sé afhent stundartafla. Nauðsynlegt er að gera nemum grein fyrir þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra og hvaða kröfur þeir geta gert til annarra.

Nemar fá kynningu á húsnæðinu sem námskeiðið fer fram í og þeim öryggisreglum og rýmingaráætlunum sem þar gilda.

Almennar upplýsingar til fræðsluaðila/leiðbeinenda

Námið byggir á frammistöðu og ábyrgð einstaklingsins, samvinnu og samábyrgð nema og leiðbeinenda. Náms efni, framsetningu og framvindu náms skal sníða að forsendum fullorðinna nema. Námsárangur er ekki einungis vitnisburður um frammistöðu einstaklings heldur einnig um aðstæður til náms og árangur af samvinnu nema og leiðbeinenda.

Leiðbeinendur styðja við þróun nema og uppbyggingu námsins. Við nám í Leikskólasmiðju hafa þátttakendur tækifæri til að nýta eigin reynslu og afla nýrrar. Reynt er að tengja reynslu og veruleika nema við viðfangsefni tengdum störfum í leikskóla. Áhersla er lögð á styrkleika hvers og eins, hvatningu og traust. Veita skal leiðsögn og aðstoð í einstaklingsmiðuðu námi og aðlaga kennslu að mismunandi námsþörfum.

Leiðbeinandi þarf að þekkja algengar hindranir hjá fullorðnu námsfólki og geta brugðist við þeim á viðeigandi hátt. Áhersla er lögð á fjölbreyttar kennslu- og matsaðferðir til að koma til móts við mismunandi þarfir og óskir nema.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) gerir kröfu til þeirra, sem heimild fá til að nota þessa námslýsingu, um að formlegu gæðakerfi sem FA viðurkennir verði framfylgt við notkunina.

Námsþættir

Yfirlitstafla

Smiðja 2 – 1

Tafla 1: Heildarútlit, skipulag

Tími er í klukkustundum

Nafn námsþáttar	Skammstöfun namskra.is	Klst. heild	Klst. fræðslu	Klst. framlag - viðbót	Eining	Þrep
Verkefni í smiðju 2-1.1 Innihald námskeiðs, þarfagreining, félagslegt nám, grunn orðaforði, skipulag, verkdagbók, vinnuumhverfi	F-SMIÐ 1 VA (27)	20	10	10	1	1
Verklag og vinnubrögð 2-1.2 Samskipti, fagmál, vinnuumhverfi, aðstæður, starfsreglur, öryggi og heilsa, skyldur og trúnaður, réttindi	F- SMIÐ1VE (1)	20	10	10	1	2
Þjálfun og sjálfstæð vinna 2-1.3 Samskipti, fagmál, vinnuumhverfi, aðstæður, starfsreglur, vettvangsnám, kynning eftir vettvangsnám	F- SMIÐ2ÞS (1)	120	68	52	6	2
Vinnuframlag nema		160	88	74	8	

Verkefni í smiðju 2-1.1

F-SMIÐ 1 VA (25)

Prep	1
Vinnustundir	20 (eða 10+10)
Námsgrein	Smiðja, verkefni # 1
Viðfangsefni	Innihald námskeiðs, þarfagreining, félagslegt nám, grunn orðaforði

Lýsing

Tilgangur þessa námsþáttar er að nemar kynnist grundvallaratriðum smiðjunnar, verkefnum sem unnin verða, verkferlum og hverjar áherslur námsins eru. Mikilvægt er að þarfagreina hópinn strax við upphaf, með tilliti til þjóðernis, menntunar og tungumálakunnáttu til að laga námið sem best að hverjum nema. Einstaklingar með íslensku sem annað mál fara í stöðumat í íslensku sem telst hluti af þarfagreiningu. Hópurinn er efldur til samvinnu með ýmsum aðferðum, líkt og samvinnuleikjum og verkefnum en einnig er grunnorðaforði í störfum í leikskóla kynntur og þjálfður.

Hæfniviðmið 1 – 1.1

Þekking: Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- verkefni smiðjunnar
- vinnu í hóp
- mikilvægi góðrar mætingar og þátttöku.

Leikni: Nemi hefur öðlast leikni í að:

- fylgja reglum í námi
- beita glósutækni.

Hæfni: Nemi getur hagnýtt almenna þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- nota spil og leiki
- vinna í hópavinnu/teymisvinnu
- aukin samskipta- og samvinnufærni.

Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

Prep	2
Vinnustundir	50 klst. með leiðbeinanda og 70 klst. í vinnu án leiðbeinanda
Námsgrein	Smiðja, verklag og vinnubrögð # 2
Viðfangsefni	Samskipti, fagmál, vinnuumhverfi, aðstæður, starfsreglur, öryggi og heilsa, skyldur og trúnaður, réttindi

Lýsing

Tilgangur námsþáttarinnar miðar að því að námsfólk þjálfist í notkun fagmáls á íslensku sem þarf til að tjá sig í leikskólastörfum, kunnir grundvallar samskipti við börn og annað fólk innan leikskóla, komi fram af kurteisni og með fagmennsku að leiðarljósi.

Nemar fá fræðslu um vinnuumhverfi og ábyrgð á eigin heilsu, öryggi og umhverfi. Nemar fá fræðslu um réttindi, skyldur á vinnustað auk trúnaðar sem krafist er í leikskólastörfum. Nemar öðlast skilning á starfsreglum og vinnuumhverfi í leikskólum, fá þjálfun í að bregðast við ýmsum aðstæðum sem gætu komið upp í starfi, þar sem krafist viðbragða af fagmennsku.

Þá er fjallað um mikilvægi trúnaðar í starfi í samræmi við leikskólalög 90/2008 eins og við á.

Persónuverndarlög, 90/2018, eins og við á; lög um opinbera starfsmenn 70/1996 þar sem við getur átt.

Beitt verður fjölbreyttum kennsluáðferðum til að ná fram markmiðum. Áhersla er lögð á að námsfólk tileinki sér sjálfstæð, öguð og fagleg vinnubrögð, beiti rökhusun og útsjónarsemi og eflir samvinnu- og samskiptafærni sína.

Hæfniviðmið 1 – 1.1

Þekking: Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grunn í fagmáli tengt leikskólastarfi
- réttindum, skyldum og trúnaði í leikskóla
- almennum starfsreglum í leikskólum
- vinnuumhverfi í leikskólum
- ábyrgð þegar kemur að eigin heilsu, öryggi og umhverfi.

Leikni: Nemi hefur öðlast leikni í að:

- hafa kurteis samskipti við skjólstæðinga og samstarfsfólk skv. verkferlum
- bregðast við aðstæðum sem geta komið upp af fagmennsku með leiðsögn.

Hæfni: Nemi getur hagnýtt almenna þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- nota verklýsingar og verkferla og fara eftir þeim
- ræða um aðstæður sem koma hafa upp af fagmennsku.

Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema

Þrep	2
Vinnustundir	120 (50 klst. með leiðbeinanda og 70 klst. í vinnu án leiðbeinanda).
Námshgrein	Smiðja, þjálfun og sjálfstæð vinna # 3
Viðfangsefni	Skipulagning, vinna og vinnubrögð

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að námsfólk þjálfist í að tjá sig á fagmáli í leikskólastörfum, þekki grundvallar samskipti við skjólstæðinga og annað starfsfólk. Komi fram af kurteisi með fagmennsku að leiðarljósi. Námsfólk fær fræðslu um hvernig skipulagning leikskólustarfsins fer fram og ólíkar áherslur í starfi leikskóla út frá stefnu skólans. Nemar fá kynningu á leikskólum, hvernig starf þar fer fram. Rætt er um væntingar og skyldur nema til vettvangsnámsins. Unnið er að undirbúningi fyrir vettvangsnám með verkefnalistum og áherslum sem nemar skulu afla sér þekkingar og skilnings á í vettvangsnáminu. Rifjað er upp hver réttindi og skyldur starfsfólks í leikskóla eru auk þess að nemar þurfi að undirrita trúnaðaryfirlýsingu á vinnustaðnum. Á vettvangi taka nemar fullan þátt í starfinu. Nemar kynna sér starfið í fjóra daga (20 klst.) og í framhaldi af því starfi kynna, þau verkefni sem þau tóku þátt í að gera, þær hugmyndir sem komu upp og reyna að tengja heimsóknina við námið í heild. Í lokin nýta nemar hugmyndirnar áfram í verkefnavinnu og vinna lokaverkefni, að eigin vali, sem þau tengja leikskólustarfinu. Lokaverkefni er unnið með stuðningi frá leiðbeinanda en að mestu leiti sjálfstætt. Verkefnið er fyrst og fremst einstaklingsverkefni.

Áhersla er lögð á að námsfólk tileinki sér sjálfstæð, öguð og fagleg vinnubrögð, beiti rökhugsun og útsjónarsemi og efli samvinnu- og samskiptafærni sína.

Hæfniviðmið 1 – 1.1

Þekking: Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grunnfagmál í leikskólustarfi
- réttindi, skyldum og trúnaði í leikskólum
- almennum starfsreglum í leikskólum
- vinnuumhverfi leikskóla
- þekki helstu stefnur sem unnið er eftir í leikskólum.

Leikni: Nemi hefur öðlast leikni í að:

- þekking á réttindum og skyldum í störfum með börnum
- getur farið eftir starfsreglum án leiðsagnar að miklu eða öllu leiti
- beitir trúnaði og þekkir reglur varðandi trúnað í störfum með börnum.

Hæfni: Nemi getur hagnýtt almenna þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- ber ábyrgð á eigin heilsu, öryggi og umhverfi
- sýnir kurteisi og faglega samskipti við skjólstæðinga og samstarfsfólk.
- miðla hugmyndum og upplýsingum til annarra.

Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

